

Fundur haldinn í fræðslunefnd Húnavatnshrepps
að Húnavöllum 17. desember 2009

Ægir bauð fundarmenn velkomna. Mæting skv. undirskriftum. Fyrri hluta fundarins verður tekin fyrir fjárhagsáætlun hvað varðar Húnavallaskóla og seinni hluta fundarins verður tekin fyrir fjárhagsáætlun hvað varðar Vallaból. Að lokum önnur mál. Oddviti og sveitarstjóri kynntu fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun Húnavallaskóla. Þorkell og Magdalena sitja fund á meðan málefni Húnavallaskóla eru rædd. Fjárhagsáætlun 2009 hljóðar upp á 137 milljónir og nú liggur fyrir tillaga að niðurskurði um 13 milljónir árið 2010 þar sem verulegur samdráttur er í tekjum sveitarfélagsins. Ýmsar umræður urðu um málið.

Fjárhagsáætlun Vallabóls. Jóhanna leikskólastjóri og Thérese, fulltrúi foreldra, sitja fundinn á meðan málefni Vallabóls eru rædd. Fyrirhugað er að innheimta fæðisgjald fyrir leik- og grunnskóla. Einnig er fyrirhuguð gjaldtaka á leikskólanum. Miklar umræður urðu um að fara verði varlega í gjaldtöku fyrir leikskóla. Fræðslunefnd leggur áherslu á að leitað verði leiða til að leikskólinn geti áfram verið gjaldfrjál.

Umræður urðu um aðkomu foreldra að mötuneytismálum.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir (sign)

Pétur Pétursson (vék af fundi)

Kristín Rós Sigurðardóttir (sign)

Ægir Sigurgeirsson (sign)

Birgitta H. Halldórsdóttir (sign)

Eline Schrijver (sign)